

Fréttabréf Snarfara í ágúst.

Fyrri fréttabréf má finna á heimasíðu Snarfara

Næstu fundir stjórnar eftir sumarfrí verða 9. og 16 ágúst. Að mörgu er að huga. Stærsta málið varðar þó dýpkun rennu. Einnig viðgerð á A-bryggju og margt fleira.

Áætlaður er fundur með **borgaryfirvöldum** og stjórn Snarfara í lok ágúst vegna áætlana og hugmynda um [uppbyggingu í Vogahverfi](#) og möguleg áhrif hennar á starfsemi félagsins. Félagsmenn verða upplýstir um helstu niðurstöður fundarins í framhaldi af honum.

Samþykktar skemmtibátaumsóknir í félagið (lok júlí) eru um 20 á árinu og búast má við fleiri umsóknum til viðbótar á haustmánuðum. Er það mun fleiri en hafa horfið úr félaginu á sama tíma. Félagsmönnum (og bátum) er því að fjölga og er það ánægjuleg þróun. Verið er að skoða möguleika að lengja A-bryggju um 4 stæði en engin ákvörðun hefur verið tekin þ.a.l.



Nýtt félagsheimili og aðstaða bátaeigenda til minniháttar viðgerða og viðhalds. Í uppbyggingu á svæði félagsins verður að hafa í huga að það sem er framkvæmt nýttist sem best hagsmunum félagsins og félagsmanna. Formaður félagsins lýsti ákveðinni framtíðarsýn í [síðasta fréttabréfi](#) varðandi hugmyndir um nýtt og betra félagsheimili og þjónustu (veitingarekstur) á svæðinu. Hægt væri að hafa ágætari tekjur af útleigu slíks veitingareksturs. Til stendur að kynna og skoða hug félagsmanna til slíkra verka á haustfundi félagsins í september. Hugmyndin, er að stofna 4-6 manna nefnd innan félagsins sem hefði það eina hlutverk að gera þarfagreiningu, efna til hugmyndasamkeppni um nýtt félagsheimili sem og að gera fjárhagsáætlun um verkefnið. Hagkvæmni yrði höfð að leiðarljósi. Niðurstöður nefndar yrðu síðan kynntar í lok árs 2016 og endanleg ákvörðun tekin af félagsmönnum á næsta aðalfundi í jan. 2017 um hvort hefja eigi verkið eða ekki.



Eins er áhugavert að nú á haustfundi að skoða vilja félagsmanna til að koma upp **aðstöðu til viðhalds báta** þ.e. skemmu sem leigð yrði félagsmönnum til skemmri tíma hvert sinn. Þar væri t.d. hægt að sinna minni viðgerðum, mála báta sína o.s.frv. Eins væri hægt að halda þar námskeið á veturna sem viðbót í vetrarstarfið t.d. í bátasmíði (plöstun), vélakennslu og slíkt. Nóg er af þekkingu í félaginu til slíkra verka og hugmyndaríkir framsýnir menn á hverju strái.

Úr viðburðarskrá: **Uppskeruhátíð**. Laugardagurinn **17.september**. Félagafundur kl. 18:00. Stöðutaka. Í framhaldi gott party fyrir félagsmenn. Fiskisúpa aldarinnar eða annað góðgæti. Bjór og léttvín nánast á kostnaðarverði. Barinn opnar eftir fund og bjallan glymur í síðustu kaup kl. 23:30

Nýtt vaktakerfi? Félagsmenn með aðstöðu er skylt taka tvær vaktir á ári. Fyrir kemur að menn gleyma vöktum. Vaktasektir skila félaginu tekjum en um er að ræða „neikvæða“ tekjuöflun. Eigur félags og félagsmanna eru ekki varðar þær nætur sem vaktir eru ekki staðnar, sektir eru kostnaðarsamar fyrir einstaklinga (*hægt er að standa vaktasektir af sér með fleiri vöktum*) og hús er ekki þrifið. Stjórn er að skoða möguleika á öðru fyrirkomulagi en vaktabók. Kröfugerð hefur verið send hugbúnaðfyrirtæki sem gerir tilboð í forritun. Í stuttu máli yrðu vaktaóskir framvegis skráðar í tölvu í félagsheimili/skrifstofu (t.d. við lykaskipti). Félagismaður fær svo áminningu um vaktina gegnum sms/tölvupóst þegar nær dregur vakt. Vaktmenn staðfesta komu sína í tölvu í félagsheimili. Þá sést hvort vaktir séu staðnar. Möguleiki væri að skrá þar niður viðburði nætur og koma upplýsingum til stjórnar t.d. um nauðsynlegt viðhald.


Hjólastólaaðgengi er sunnan megin félagsheimilis en þar er rampur. Aðgengi að honum hefur verið takmarkað vegna báta og kerra sem þar eru geymdar. Það er stefna stjórnar að bátar og kerrur séu ekki geymdar við hlið félagsheimilis, sérstaklega yfir sumartímann. Einnig að aðgengi að rampinum sé alltaf aðgengilegt.



Það eru **sameiginlegir hagsmunir** okkar að halda svæðinu okkar snyrtilegu. Munum að ganga skal frá þegar við erum að vinna í bátum okkar og skilja ekki eftir rusl á svæðinu, s.s. málningadósir, rúllur og pensla. Eins skulum við hafa það í huga að stæði við skemmu er ætluð til þvotta en ekki viðhalds og þrifa þarf planið eftir botnhreinsun sem og að skilja ekki eftir olíubrúsa við úrgangsolútank.

Snarfari mun taka við 2 til 3 erlendum skútum **til geymslu** yfir veturinn. Einnig eru fleiri aðilar utan félagsins sem hafa beðið um að geyma báta sína á landi yfir vetrarmánuðina. Það er nægilegt pláss á landi þó farið sé að þrengja að bryggjuplássi og félagið mun hafa af þessu sæmilegar tekjur.

Stjórn Snarfara vill vekja athygli félagsmanna á **heimasíðu Snarfara**, snarfari.is. Fréttum og tilkynningum er reglulega komið inn á síðuna. Þar má finna lög félagsins, reglur og eldri fréttabréf, viðburðarskrá o.fl. Frá því í feb. hefur síðan fengið um 3500 heimsóknir og verið flett 13 þ. sinnum.



Stjórn Snarfara minnir á !

Menningarnótt

Samsigling Snarfarafélaga Laugardaginn 20. ágúst.



Við breytum aðeins tíma frá áður auglýstri dagskrá vegna flóðatöflu en stefnt er að hefja samsiglingu fyrstu báta (djúpristari) úr höfn Snarfara eigi síðar en kl. 11:45.

Fylkjum liði allir koppar meðfram Skúlagötu, að Hörpu og til baka. Flöggum fána Snarfara á bátum. Veitingar fyrir bátafólk og aðra félagsmenn fyrir og eftir siglingu en stefnt er að því að bjóða upp á grillaðar pylsur fyrir brottför og kaffi og með því við heimkomu. Nánari uppl. síðar

Nauðsynlegt er að vita nokkurn vegin fjölda vegna veitinga. Skráning báta og áhafnar meðlina skal sent á netfangið snarfari@snarfari.is eða skrifað á blaði á korktöflu í félagsheimili.

Fellum niður viðburðinn ef við náum amk ekki 15 bátum í samsiglinguna og eins ef veðurspá er óhagstæð.

Ágúst 2016

F. h. Stjórnar Snarfara

Pétur Ó. Einarsson, formaður